



ÁTAK

- félag fólks með þroskahömlun

Hvað er Átak?

Átak, félag fólks með þroskahömlun hefur verið rekið með styrkjum. Þeir voru ekki margir í þessu ári og erfitt að fá þá og svör bárust seint um sumu sem settu strik í reikninginn.

Núna breyttum við fyrirkomulaginu, að í staðin að vera með ófatlaðann starfsmann þá ákváðum við að ráða mig, formanninn til að vera sannarlega að styrkja ímynd fatlaðs fólks. Þetta hefðum við ekki getað nema nota það fjármagn sem Þroskahjálpi hefur stutt okkur með til að hafa stuðningsaðila í að borga laun formanns.

Hins vegar þá er það staðreynd að það er lagt meiri áhersla á að halda uppi félögum þar sem ófatlaðir tala um fatlaða, og gera það margir vel, en minni áhersla á að efla okkur til að tala fyrir okkur sjálf. Fullt af flottum verkefnum sem við viljum vinna í t.d. eins og Sendiherrunum og fl.

Þannig megin markmið félagsins er að hafa fatlað fólk í forsvari til að sýna það og sanna að við getum gert fleiri hluti en að flokka dósir og ýta kerrum, við getum verið okkar talsmenn, en þurfum bæði stuðning og fjármagn.

Verkefni félagsins

Við höldum vinnufund 2. September þar sem við hóuðum í gamla formenn og svo stjórnina til að vinna að verkefnum komandi vetrar. Þeir áhersluþættir sem við fengum út úr því að við ætlum að setja áherslu á þetta:

1. Atvinnumál
2. Búsetumál
3. Menntamál

Venjubundin verkefni þar sem við hittum félagsmenn eru:

1. Mánaðarlegir fundir hjá okkur um þessi mál sem hér voru nefnd
2. Jólafundur
3. Haust og vor fundir.

Þau verkefni sem lagt var áhersla á að yrðu framkvæmd voru

1. Fundir með ráðamönnum í komandi kosningum til sveitarstjorna.

- a. Hérna höfum við hug á að tala um notendaráðin og koma því svoldið til sveitarfélaganna. Hugmyndin að húa saman um 20 manns í Reykjavík til að vinna með okkur að því að búa til efni. (fatlað fólk) Fara svo og heimsækja 6

stærstu sveitarfélögin á landinu ásamt þessu fólki og þá fötluðum heimamönnum.

- b. Hafa tvo fundi á hverjum stað. Fyrsti fundur yrði á föstudegi og væri með bæjarstjóra og félagsþjónustunni. Annar fundurinn yrði svo með sveitarstjórnarfólki og nýjum frambjóðendum til sveitarstjórna.
- c. Á seinni fundinum væri fræðsla um málefi fatlaðra frá Sendiherrum, mikilvægi að það sé staðið á réttindum út frá samningi sameinuðu þjóðanna og svo yrði umræður. Lokið væri svo á að hver frambjóðandi og sveitarstjórnaður tæki smá próf í sameinuðu þjóðann um réttindi fatlaðs fólks, fengi svo einkunn og svarblað með sér, en við myndum halda um meðaltal einkunnarinnar yfir landið.
- d. Svona fundarherferð yrði haldin frá Janúar fram í lok maí og síðasti fundurinn yrði haldinn í Reykjavík. Þá mögulega hægt að tengja hann við Stoltgönguna t.d. helgina fyrir kosningar.
- e. Hugmynd okkar núna er að sækja um styrk hjá EUF og hafa þetta þá bara fyrir ungt fólk, fatlað fólk á aldrinum 30 ára og yngri. Fólkið sem tekur við og þannig þá kynna Átak í leiðinni og eins og áður sagt hugmyndir og mikilvægi notendaráða.

2. Stoltgangan

- a. Við erum að hugsa um að hafa hana í Maí á næsta ári, fyrir kosningar til að hafa áhrif og vera sýnileg þannig fatlað fólk taki virkari þátt í stjórnámálum, en líka sé sýnilegt og sé í framlínunni líka.
- b. Hérna höfum við ekki fundið fjármagn og þægum alla þá hjálp við að koma þessu á kortið sem árlegum viðburði í tengslum við mannréttinda daginn sem er um miðjan maí í Reykjavík. Þar er þörf á að vekja athygli á bættum mannréttindum.

c.

3. Lífssögu fatlaðs fólks.

(Starfsmaður var að hugsa um handrit fyrir sjónvarpsþátt um lífssögur og langaði að taka það lengra. Var að hugsa um að senda inn í þessa dagskrágerðarkeppni RÚV – Þátt í anda „Með okkar augum“ en bara um lífssögur !

Þetta er verkefni sem við ætlum að reyna að vinna betur og gera betur og eitthvað með. Fleiri greinar, eigum lénið lífssögur.is og getum notað það meira og fl. og fl. Bara að það hafi fatlað fólk meðferðis og sé á þeirra forsendum eins og greinar sem við höfum verið að birta með Krisjönu og Hörpu Björns sem eru snillingar í þessu. Okkur langar að gera meira, en það strandar alltaf á því að við erum allaf að eyða tíma í að leita af fjármagni.

4. **Fræðsla til starfsmanna og pólitíkusa í sveitarfélögum um mikilvægi mannréttinda** til að fólk sem sér um grunn aðstoð við að veita fötuðu fólki fái þau skilaboð frá fötluðu fólki hvað við erum að hugsa.
5. Fræðsla um jafna stöðu fatlaðs fólks á atvinnumarkaði.

Hérna höfðum við þá hugmynd að húa saman fötluðu fólki, 30 manns kannski. Fá einhvern til að aðstoða okkur við að klæða það upp í sömu föt og ráðherrar eru í, sminka þau og fl og taka svo t.d. myndir af fötluðum fólki við ráðherra borðið. Í þingsal og á Bessastöðum. Fatlað fólk í líki þeirra sem stjórna landinu.

Og spurja, af hverju ekki fatlað fólk að vinna með þér? Eða eitthvað svoleiðis. Byrta svo þessar myndir í blöðum og fl. stöðum til að vekja athygli á og vera sýnileg. Búa til staðalýmýndir.

6. Að lokum er það markmið mitt sem formanns að fjölga félagsmönnum og hlakka því til þess að fá stuðning og fræðsu um hverig ég geti stuðlað að því og gert allt þetta sem hér er nefnt.

Ég held að Átak sé vettvangur margra hugmynda og það var svo gott að koma inn í þetta félag, því þar var svo flottur jarðvegur til að þróa mínar hugmyndir um það hvernig við getum ert margt saman og á forsendum fatlaðs fólks. Það er það sem ég vil gera.